

Bæjarráð Akraness.

Efni: Vinabæjamót 2017.

Eins og bæjarráði er kunnugt um hefur Norræna félagið á Akranesi verið í samstarfi við fimm vinabæi Akraness um 60 ára skeið. Á þriggja ára fresti eru haldin vinabæjamót á víxl í vinabæjunum og nú er komin röðin að Akranesi sumarið 2017. Fulltrúar frá Akraneskaupstað tekið þátt í vinabæjamótunum og annast undirbúning og skipulag vinabæjarmótanna á Akranesi í samvinnu við Norræna félagið. Vinabæirnir eru Bamble í Noregi, Närpes í Finnlandi, Tönder í Danmörku og Västervik í Svíþjóð. Vinabæjamót var síðast haldið á Akranesi í júní 2002 í góðri samvinnu Akraneskaupstaðar og Norrænafélagsins.

Vinabæjarmótin eru haldin m.a. til að efla samstarf og samvinnu milli almennings í vinabæjunum annars vegar og bæjaryfirvalda hins vegar. Löndin eiga margt sameiginlegt og getum við lært ýmislegt hvert af öðru. Gert verður ráð fyrir samstarfsfundum með fulltrúum bæjanna á mótinu. Tímarammi er á þann veg að gestir koma síðla á miðvikudegi og fara um hádegi á sunnudegi.

Vinabæjamót eru umfangsmikil og nokkuð kostnaðarsöm verkefni. Hér fyrir neðan eru sett fram helstu kostnaðarliðið sem falla til og byggir listinn á því skipulagi sem jafnan er fylgt.

- Kvöldsnarl fyrir gesti við komu til Akraness
- Skoðunarferðir/heimsóknir með gesti fimmtudag og föstudag
- Nesti í skoðunarferðir
- Leiðsögumaður/menn í skoðunarferðir
- Lokahóf á laugardagskvöldi; gestir, gestgjafar, bæjarfulltrúar, bæjarstjóri, aðrir gestir.
 - 25 gestir frá hverju bæjarfélagi: 100 manns
 - Gestgjafar: a.m.k. 50 heimili: 100 manns
 - Bæjarstjórn/bæjarstjóri: 20 manns
 - Aðrir:???
 - Skemmtiatriði?
- Veitingar á fundum stjórna norrænu félaganna og fundum bæjarstjórnarmanna.
- Kaffisamsæti fyrir brottför á sunnudegi
- Prenta dagskrá
- Nafnspjöld fyrir þátttakendur

Gestir verða í heimagistingu eða gista á eigin kostnað á gistiheimilum. Gestgjafar sjá um morgunmat alla dagana og kvöldmat fimmtudag og föstudag.

Stjórn Norræna félagsins hefur rætt um nokkur atriði varðandi væntanlegt vinabæjamót.

- ✓ Hugmynd að dagsetningu vinabæjamóts: 14.-18. júní 2017
- ✓ Stofna starfshóp með fulltrúum bæjarins og NF til að undirbúa vinabæjamótið
- ✓ Fulltrúar bæjarstjórnanna vinni saman að ákveðnum málefnum á mótinu. Þau málefni yrðu ákveðin í samráði en gætu verið t.d. fjölbreytileiki, málefni aldraðara, ferðamál eða annað sem er ofarlega á baugi í bæjarfélögunum.

- ✓ Mótið hafi ákveðið þema: t.d. ferðamál, listir og handverk, atvinnulíf, skólamál, umhverfismál...
- ✓ Fá lista/handverksfólk til að vera með sýningu í tengslum við mótið. T.d. ljósmyndarar frá Närpes, eldsmiðja o.s.frv.
- ✓ Kaffihúsakvöld á veitingahúsi þar sem tónlistarmenn geta spreytt sig

Norræna félagið á Akranesi leggur áherslu á að mikilvægt er að fá fram skoðanir bæjaryfirvalda til fyrirhugaðs vinabæjamóts því að mörgu er að hyggja í undirbúningi.

Akranesi 26. maí 2016

Hjördís Hjartardóttir

Formaður Norræna félagsins á Akranesi

